



Reykjavík, 24. júní 2020

SFS2020020125

192. fundur

HG/geb

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum borgarinnar.

Á 180. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 25. febrúar 2020 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram meðfylgjandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um stöðu kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum borgarinnar og hvort skólarnir séu að uppfylla viðmið aðalnámskrár varðandi kennslu í þessu fagi. Óskað er svara við því hvernig kennslunni sé háttað, hvort fjármálalæsi sé sér námsgrein, hluti af stærðfræðikennslu, lífsleikni eða öðrum greinum og hversu mörgum kennslustundum sé varið í kennsluna á skólaárinu. Jafnframt er óskað upplýsinga um hvaða námsefni er aðallega stuðst við og hvort námsárangur í fjármálalæsi sé metinn.

Svar:

Svara við fyrirspurninni var aflað með því að senda könnun sem hluta af spurningavagni til skólastjóra grunnskólanna þann 29. apríl 2020 og höfðu skólastjórar tækifæri til að svara könnuninni til loka maí 2020. Svör um fjármálalæsi bárust frá 35 skólastjórum af 36.

Skólastjórar voru spurðir um hvernig kennslu í fjármálalæsi væri háttað í skólanum og samkvæmt svörum eru það sex grunnskólar sem kenna fjármálalæsi sem sérstaka námsgrein (sjá töflu 1). Eins og sjá má í töflu 1 fer kennsla í fjármálalæsi fram sem hluti af námi og kennslu bæði í stærðfræði og lífsleikni í grunnskólum borgarinnar samkvæmt svörum skólastjóra. Í opnu svari nefndu skólastjórar einnig að kennsla í fjármálalæsi færi fram í tengslum við nám og kennslu í samfélagsfræði, heimilisfræði og þjóðfélagsfræði.

Tafla 1. Hvernig er kennslu í fjármálalæsi háttað í skólanum þínum? (Merkja við allt sem við á)

	Fjöldi	Hlutfall (%)
Fjármálalæsi er kennt sem sérstök námsgrein	6	12%
Fjármálalæsi er kennt sem hluti af námi og kennslu í stærðfræði	27	53%
Fjármálalæsi er kennt sem hluti af námi og kennslu í lífsleikni	18	35%
Alls	51	100%

Skólastjórar voru spurðir hvort námsárangur í fjármálalæsi hafi verið metinn í skólanum og samkvæmt svörum eru það 12 skólar sem það gera (sjá töflu 2).

Tafla 2. Hefur námsárangur í fjármálalæsi verið metinn í skólanum?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Hlutfall (%) sem svara
Já***	12	33,3	38,7
Nei**	19	52,8	61,3
Alls	31	86,1	100,0
Svara ekki*	5	13,9	
Alls	36	100,0	

*Klettaskóli, Hagaskóli, Langholtsskóli, Húsaskóli og Melaskóli svara ekki spurningu.

Skólastjórar voru spurðir í opinni spurningu með hvaða hætti námsárangur í fjármálalæsi hefði verið metinn og sögðu átta skólastjórar að mat í fjármálalæsi falli undir hæfniviðmið í stærðfræði. Aðrir sögðu mat á fjármálalæsi vera hluti af námsmati í samfélagsfræði og heimilisfræði, en ekki eingöngu í stærðfræði og lífsleikni.

Því miður fengust ekki nógu ítarleg svör við spurningum um fjölda kennslustunda í fjármálalæsi á skólaárinu eins og óskað var upplýsinga um.

Skólastjórar voru spurðir í opinni spurningu hvaða námsefni hafi verið stuðst við í kennslu í fjármálalæsi í skólanum. Fjórtán skólastjórar nefndu námsefni frá Fjármálaviti (<https://fjarmalavit.is/>), þ.e. *Fyrstu skref í fjármálum* eftir Gunnar Baldvinsson, efni frá Menntamálastofnun, bækur og ýmislegt efni af netinu. Einnig nefndu sex skólastjórar annað námsefni í stærðfræði og verkefni sem kennarar útbúa fyrir nemendur.

Skólastjórum var jafnframt boðið að koma á framfæri athugasemdum um nám og kennslu í fjármálalæsi og bærust alls tíu athugasemdir. Í þeim kom fram að skólastjórar töldu nám í fjármálalæsi mikilvægt, það gagnist nemendum vel og veki áhuga þeirra. Ástæða sé til að hefja nám í fjármálalæsi ekki síðar en í 8. bekk til að auka skilning nemenda á sambandi atvinnu, fjármála og ábyrgðar, bæði í einkalífi og við rekstur samfélags og félaga. Ánægja var með samstarf við félagið Fjármálalæsi en óskað eftir aðgengilegu efni fyrir yngri nemendur. Það sjónarmið kom fram að ekki væri nauðsynlegt að kenna fjármálalæsi sem sérstaka námsgrein í skólanum því kennarar væru þegar að vinna með það í tengslum við stærðfræði og aðrar greinar.

Að auki má benda á að grunnskólaskrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur verið í góðu samstarfi við félagið Fjármálalæsi um fræðslu fyrir kennara um fjármálalæsi og boðið hefur verið upp á námskeið um efnið á hverju ári undanfarin ár, bæði í sumarsmiðjum kennara og á starfstíma skóla. Námskeiðin hafa verið vel sótt og verið skólum og þátttakendum að kostnaðarlausu. Leiðbeinandi á námskeiðunum hefur að undanförmu verið Gunnar Baldvinsson, kennari í Hagaskóla og höfundur námsefnisins *Fyrstu skref í fjármálum*.